

FORSÆTISNEFND 11. júní 2021: Framhaldsfyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um reglur sem gilda um trúnaðarmál - R21050282

Mál eru ítrekað trúnaðarmerkt í ráðum og nefndum borgarinnar stundum án sýnilegrar ástæðu. Í sumum tilfellum er ljóst að trúnað þarf að halda þegar um er að ræða viðkvæm persónuleg málefni. Í öðrum tilfellum er óljóst hvað ræður. Nú hefur verið lagt fram svar frá skrifstofu borgarstjórnar með vísan í sveitarstjórn/upplýsingalög. Hér er spurt um verklag Reykjavíkur. 1. Hvaða reglur gilda um hvaða mál eru gerð að trúnaðarmáli sem lögð eru fyrir borgarráð og önnur ráð borgarinnar? 2. Eru til samræmdar reglur á milli sviða borgarinnar? 3. Mjög matskenndar aðferðir eru notaðar milli sviða og oft á tíðum eru gögn trúnaðarmerkt að ástæðulausu – hvernig stendur á því? 4. Er búið að gefa út handbók til embættismanna sem skerpa á reglum hvað varðar trúnaðarmerkt gögn? 5. Ef ekki – hvers vegna?